

## **85. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 17. desember 2009, kl. 18:00.**

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### **Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar SSNV frá 8. desember 2009
    - b) Stjórnar Norðurár frá 8. desember 2009
    - c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009
  2. Skrapatungurétt
  3. Erindi frá Landgræðslu ríkisins frá 24. nóvember 2009
  4. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála frá 9. desember 2009
  5. Bréf frá Ámundakinn ódags.
  6. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 9. desember 2009
  7. Bréf frá Auðhumlu dags. 15. desember 2009
  8. Erindi frá Landskerfi bókasafna dags. 30. nóvember 2009
  9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30. nóvember 2009
  10. Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu frá 16. nóvember 2009
  11. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 20. nóvember 2009
  12. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 1. og 2. desember 2009
  13. Önnur mál
- 

### **Afgreiðslur:**

1. Fundargerðir:
  - a) **Stjórnar SSNV frá 8. desember 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Stjórnar Norðurár frá 8. desember 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
2. **Skrapatungurétt**  
*Bæjarstjóri lagði fram drög að samningi milli Blönduóssbæjar og Skagabyggðar um viðhald og rekstur á Skrapatungurétt og tengdum mannvirkjum. Kostnaði við viðhald og rekstur verður skipt á milli áðurnefndra aðila í sama hlutfalli og dalkafjöldi í réttinni tilheyrir hvorum aðila um sig. Hlutur Blönduóssbæjar er 57,14% og hlutur Skagabyggðar er 42,86%.*  
  
*Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.*
3. **Erindi frá Landgræðslu ríkisins frá 24. nóvember 2009**  
*Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“. Landgræðslan fer þess á leit við Blönduóssbæ að verkefnið hljóti styrk á árinu 2010*

og er óskað eftir kr. 5000 framlagi pr. þátttakanda fyrir árið 2010. Í Blönduósbæ eru nú skráðir 4 þátttakendur í verkefninu. Samtals er óskað eftir kr. 20.000.

Bæjarráð samþykkir erindið.

**4. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála frá 9. desember 2009**

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlög í Varasjóð húsnæðismála fellur úr gildi um næstu áramót og því verða ekki í framhaldinu greidd framlög til sveitarfélaga öðruvísi en samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga verði framlengt.

Lagt fram til kynningar.

**5. Bréf frá Ámundakinn ódags.**

Aðalfundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn í febrúar 2010.

Lagt fram til kynningar.

**6. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 9. desember 2009**

Lagt fram til kynningar.

**7. Bréf frá Auðhumlu dags. 15. desember 2009**

Auðhumla svf. óskar eftir að Blönduósbær gerist hluthafi í Grýtu ehf.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins til næsta fundar bæjarráðs.

**8. Erindi frá Landskerfi bókasafna dags. 30. nóvember 2009**

Stjórn Landskerfis bókasafna hf. hefur ákveðið að ganga til samninga við Ex Libris og Konunglega bókasafnið um fyrsta áfanga verkefnisins Sampætt leitargátt fyrir Ísland.

Lagt fram til kynningar.

**9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30. nóvember 2009**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 27. nóvember 2009 var fjallað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála og undirbúning sveitarfélaga vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða og myndun þjónustusvæða.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á stjórnarfundinum:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir til þess að ræða og hefja sem fyrst undirbúning að myndun þjónustusvæða á grundvelli þeirra gagna sem verkefnisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur sent sveitarfélögum um flutning á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Vandaður undirbúningur sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga er undirstaða þess að vel tekist til um tilfærslu þessa mikilvæga þjónustuverkefnis til sveitarfélaganna.“

Lagt fram til kynningar.

**10. Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu frá 16. nóvember 2009**

*Bréfið er svar Heilbrigðisráðuneytisins við erindi frá flugstjórum sjúkraflugsþjónustu Mýflugs þar sem þeir vekja athygli á þróun sem er að eiga sér stað um skerta þjónustu við flugvelli sem notaðir eru í sjúkraflugi.*

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 20. nóvember 2009**

*Breytingar á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.*

*Lagt fram til kynningar.*

**12. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 1. og 2. desember 2009**

*Lögð fram til kynningar.*

**13. Önnur mál**

**a) Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 14. desember 2009**

*Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar við Sölvabakka.*

*Bæjarráð felur tæknideild Blönduósbæjar að vinna umsögnina.*

**b) Uppsögn á byggingabréfi**

*Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að segja upp byggingabréfi sem tekur til jarðarinnar Kleifa en jafnframt að ganga til samninga við ábúendur um hugsanleg framtíðarafnot.*

**c) Stuðningur við góðgerðarmál**

*Í stað þess að senda út jólakort samþykkir bæjarráð að veita kr. 30.000 krónum til hjálpar/góðgerðarstarfs á Norðurlandi vestra fyrir jólin 2009. Bæjarstjóra falin nánari útfærsla.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 19:30.*

*Kári Kárason (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.).*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*